



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Fréttatilkynning
29. desember 2025

Ársáætlun í lánamálum ríkissjóðs 2026

- Áætlað er að útgáfa ríkisbréfa nemi 200 ma.kr. að söluvirði árið 2026.
- Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2029. Stærð flokka og markaðsaðstæður munu ráða því hversu mikið verður selt í einstökum markflokkum ríkisbréfa.
- Til greina kemur að mæta lánsfjárbörf ríkissjóðs á árinu að hluta til með ríkisvíxlaútgáfu, hagnýtingu erlendra innstæðna á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands og sölu hluta lánasafns Húsnæðissjóðs.

Inngangur

Samkvæmt samþykktum fjárlögum fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 79,8 ma.kr. Í febrúar 2026 verður RIKS 26 0216 á gjalddaga en ásamt verðbótum er flokkurinn 75,7 ma.kr. að stærð. Í október 2026 verður RIKB 26 1015 á gjalddaga en flokkurinn er 90,3 ma.kr. að nafnvirði. Aðrar afborganir af ómarkaðshæfum innlendum skuldum ríkissjóðs nema samtals 5,5 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum ríkissjóðs og ríkisvíxlum segir til um þörf fyrir innlenda langtímalántöku á árinu. Skuldabréf í evrum að jafngildi 43,9 ma.kr. er á gjalddaga í júní 2026 en einnig er 21 ma.kr. ómarkaðshæf skuld í erlendri mynt á gjalddaga á árinu.

Áfram mun ríkisbréfaútgáfa verða uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs en gert er ráð fyrir útgáfu ríkisbréfa fyrir um 200 ma.kr. að söluvirði á árinu 2026¹. Útgáfa ríkisbréfa umfram gjalddaga þeirra verður því 34 ma.kr. á árinu samanborið við 91 ma.kr. árið 2025. Þá verður áætluð útgáfa ríkisbréfa á komandi ári 20 ma.kr. hærri en í síðustu ársáætlun.

Til að mæta lánsfjárbörf ríkissjóðs kemur einnig til greina að auka ríkisvíxlaútgáfu og hagnýta erlendar innstæður á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands, en í lok nóvember 2025 námu þær 297 ma.kr. að jafnvirði. Jafnframt kemur til greina að selja hluta lánasafns Húsnæðissjóðs og minnka þannig lánsfjárbörf ríkissjóðs.

¹ Við útreikning á söluvirði er notað hreint verð (clean price) að viðbættum áföllnum verðbótum, þ.e. söluvirðið er metið án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Útgáfuáætlun hvers ársfjórðungs verður birt síðasta viðskiptadag fyrri ársfjórðungs. Í ársfjórðungsáætlunum munu koma fram upplýsingar um áætlaða heildarútgáfu á fjórðungnum. Áætlun um útgáfu á fyrsta ársfjórðungi 2026 er birt samhliða ársáætlun þessari.

Stefna í lánamálum ríkisins

Stefna í lánamálum ríkisins er árlega birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu og nær til fimm ára í senn. Hún endurspeglar áform stjórnvalda um lánsfjármögnun á tímabilinu en stefnan er endurskoðuð og birt árlega. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárbörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal skv. stefnunni stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Útgáfa ríkisbréfa

Þann 16. febrúar 2026 fellur á gjalddaga verðtryggðri flokkurinn RIKS 26 0216 sem að meðtöldum verðbótum nemur 75,7 ma.kr. að stærð. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2018. Þann 15. október 2026 fellur á gjalddaga óverðtryggðri flokkurinn RIKB 26 1015 sem er 90,3 ma.kr. að nafnvirði. Bréf í þessum flokki voru fyrst gefin út árið 2023. Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2029. Stefnt er að viðskiptavakt með flokkinn. Einnig kemur til greina að bæta við millilöngum verðtryggðum flokki.

Til greina kemur að gefa út í öllum markflokkum ríkisbréfa á árinu en þó má gera ráð fyrir lítilli útgáfu í stærstu flokkunum. Munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

Stærð markflokka ríkisbréfa í árslok 2025 – (m.kr.):

Óverðtryggðir flokkar ¹		Verðtryggðir flokkar ²	
RIKB 26 1015	90.334	RIKS 26 0216	75.675
RIKB 27 0415	129.438	RIKS 29 0917	96.414
RIKB 28 1115	124.037	RIKS 30 0701	137.175
RIKB 31 0124	124.632	RIKS 33 0321	134.146
RIKB 35 0917	94.141	RIKS 37 0115	89.290
RIKB 38 0215	48.541	RIKS 50 0915	40.939
RIKB 42 0217	73.719		

¹Nafnvirði

²Nafnvirði með áföllnum verðbótum

Útgáfa ríkisvixla

Útistandandi ríkisvixlar nema rúmum 110 ma.kr. í lok árs 2025. Ríkissjóður verður áfram virkur útgefandi á víxlamarkaði en staða útistandandi víxla hverju sinni getur verið breytileg enda er útgáfa ríkisvixla m.a. liður í lausafjárstýringu ríkissjóðs og tímabundin fjárbörf, eftirspurn frá fjárfestum og ávöxtunarkjör í útboðum hafa áhrif á stöðuna. Tímalengd víxla getur numið frá 1



LÁNAMÁL RÍKISINS

mánuði upp í 12 mánuði. Ríkissjóður á einnig kost á því að óska eftir peningamarkaðslánum eða veita krónulán til aðalmiðlara til mjög skamms tíma til að draga úr daglegum sveiflum á viðskiptareikningi sínum í Seðlabankanum.

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina gæti komið að bæta við útboðum umfram þau sem fram koma í útgáfudagatali Lánamála.

Skiptiútboð - uppkaup

Til greina kemur að vera með skiptiútboð á RIKS 26 0216 þar sem eigendum bréfanna verður boðið að skipta yfir í aðra markflokka. Jafnframt er möguleiki á beinum kaupum á flokknum á eftirmarkaði. Á árinu má einnig reikna með skiptiútboðum og uppkaupum á eftirmarkaði á RIKB 26 1015. Þá kemur til greina á fjórða ársfjórðungi að vera með skiptiútboð á RIKB 27 0415, en útgáfa ríkisbréfa í tengslum við þau skiptiútboð dregur úr útgáfuförfinni árið 2027 og getur því bæst við útgáfumagn ársins samkvæmt ársáætlun. Ávöxtunarkjör og aðstæður á markaði munu ráða því hvaða flokkar verða boðnir út í skiptiútboðunum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Innstæður ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands

Í lok nóvember 2025 var staða á viðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands um 62 ma.kr. Á sama tíma átti ríkissjóður einnig um 297 ma.kr. að jafnvirði í innstæðum í erlendum gjaldeyri hjá Seðlabankanum. Erlendar innstæður hafa hækkað um 36 ma.kr. frá áramótum, einkum vegna útgáfu á evru skuldabréfi á árinu, sem nam hærri fjárhæð en endurkaup á árinu á skuldabréfi í evrum með gjalddaga í júní 2026.

Vaxtaskiptasamningar

Ríkissjóður hefur heimild til að gera skiptasamninga fyrir allt að 50 ma.kr. á árinu 2026 til að stýra betur verðtryggingar- og vaxtaáhættu lánasafnsins. Verða slíkir samningar gerðir ef markaðsaðstæður og kjör leyfa.

Erlend markaðsskuldabréf

Í júní 2026 er á gjalddaga 296 milljóna evru eftirstöðvar af 500 milljóna evru markaðsskuldabréfi sem gefið var út árið 2020. Til greina kemur að gefa út erlent skuldabréf á árinu ef markaðsaðstæður leyfa. Að öðrum kosti verður skuldin greidd upp með erlendum innstæðum ríkissjóðs hjá Seðlabankanum.

Tímasetningar útboða og nánari útfærsla

Útboð ríkisverðbréfa verða haldin samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins*. Tvisvar í mánuði eru fráteknir dagar fyrir útboð ríkisbréfa og einu sinni í mánuði fyrir ríkisvíxla. Þessir dagar eru merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið og birtir á vefsíðunni www.lanamal.is. Áskilinn er réttur til þess að fella niður eða bæta við útboðum ríkisverðbréfa, t.d. vegna markaðsaðstæðna. Ef breyting verður á gildandi ársáætlun er venjan að tilkynna það í ársfjórðungsáætlun.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðan www.lanamal.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa

Arion banki hf.
Fossar fjárfestingarbanki hf.
Íslandsbanki hf.
Kvika banki hf.
Landsbankinn hf.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Lánamála ríkisins, netfang: lanamal@lanamal.is